



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Niðurstöður Skólapúlsins 2017-2018

Umfjöllun um niðurstöður í
foreldrakönnun í
leikskóladeild, nemenda- og
foreldrakönnun í
grunnskóladeild
Seyðisfjarðarskóla 2017-
2018.

Svandís Egilsdóttir

Hér eru helstu niðurstöður Skólapúlsins eftir skólaárið 2017-2018 dregnar saman og umbótum sem unnið verður eftir lýst. Þær umbætur hafa verið lagðar til á viðeigandi deildum í máilok sem og júníbyrjun 2018.

Kannanirnar eru opinberar í heild sinni á vef skólans.

Leikskóladeild

Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins í leikskóladeild frá maí 2018 benda fyrst og fremst til jákvæðrar þróunar ef borið er saman ánægja foreldra með leikskólastarfið á milli ára. Þátttaka foreldra í ár var almennt betri en í fyrra en ákveðið var að hafa könnina tvö ár í röð á sl. árum til að fylgjast grannt með þróun starfsins og ánægju foreldra í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla.

Ánægja foreldra með leikskólann hefur almennt séð aukist á milli ára og margir þættir eru í toppi samanborið við samanburðarleikskóla á landinu. Er það fagnaðarefni að fá staðfestingu á tilfinningu starfsfólks og stjórnenda fyrir því að náðst hefur að snúa við óheillaþróun sem skólinn virtist vera kominn í.

Almennt líður börnum vel í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla og foreldrar almennt sáttir við viðfangsefni barna sinna, umhverfi og ummönun starfsfólks. Mikil ánægja mælist með vinnubrögð starfsfólks, viðmót þeirra, samskipti og tengsl og samstarf milli leikskóladeildar og foreldra, sem var nokkuð sem starfsfólk á leikskóladeild einsetti sér að bæta frá fyrri könnun. Foreldrar þokast frá að vera almennt séð varkárir í að hrósa starfinu í að vera vissari um að í skólanum sé verið að vinna gott og faglegt starf. Þetta má einnig lesa úr opnum spurningum sem ekki verða þó gerðar opinberar vegna persónuverndar. Foreldrar telja að börnin fái kennslu í félagslegum samskiptum í vetur sem er rétt. Áhersla hefur verið á lífsleikni í starfi okkar sem heilsueflandi skóli og í því samhengi hafa samskipti verið stór þáttur.

Samkvæmt niðurstöðum eru foreldrar ánægðir með tímasetningu viðburða og foreldrar telja almennt að fjöldi bara á deildunum sé hæfilegur.

Sérstaka athygli vekur að fjöldi sérkennslunemenda í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla er til muna hærrí en gengur og gerist í samanburðarskólunum, sem endurspeglar þörfina fyrir góða mönnun og öflugt starf líkt og starfsfólk og fræðslunefnd hefur verið sammála um. Það sem að lesa má úr könnuninni að hægt sé að bæta í leikskólastarfinu má telja upp í nokkrum punktum og fer það inn til umræðu meðal deildarstjóra og starfsmanna og stjórnenda. Unnið verður að því að gera enn betur í eftirfarandi þáttum:

- Skoða hvernig við getum stutt betur við nýflutta foreldra og foreldra yngstu barnanna í aðlögunarferlinu.
- Auka upplýsingar um stefnu skólans og námsskrár og aðferðir til foreldra. T.d. með kynningarfundum fyrir foreldra og frásögum.

- Auka upplýsingar til foreldra um daglegt starf og breytingar (t.d. þegar nýjir starfsmenn koma).
- Skoða með hvaða hætti er hægt að kom til móts við nemendur með fjölbreyttari viðfangsefnum og innleiða kynlaus leikföng/leiki þar sem opinn opinn efniviður er nýttur.
- Umhverfi og útivist mætti auka samkvæmt niðurstöðum.
- Skoða hvort að kynjahalli sé á starfinu með elstu nemendum.
- Nýta Mentor betur og jafnvel kenna foreldrum á hann, liður í því er að bæta þráðlaust net á deildunum.
- Hafa áfram vakandi auga með líðan barna og efla vitund foreldra í mikilvægi þeirra og mikilvægi góðra venja og góðra tengsla í líðan barna sinna.
- Vinna í að bæta leikskólalóðina. Stefnunum að framkvæmdum sumarið 2019.
- Skoða matseðilinn og ræða við matráð um hvernig sé hægt að auka gæði matarins sem boðið er upp á. Skera meira grænmeti niður í móttökueldhúsi.

Grunnskóladeild

Foreldrakönnun 2018 grunnskóladeild

Foreldrar eru almennt ánægðir með nám og kennslu í skólanum, svipað og almennt gerist í samanburðarskólum Skólapúlsins, en þó er hluti foreldra eða um 20% sem telur að námsefni mætti vera þyngra og eða meira. Foreldrar eru almennt ánægðir með stjórnun skólans og ánægja er með samskipti við starfsfólk skólans.

Að mati foreldra hefur aginn í skólanum aukist/batnað frá könnuninni 2016 og er nú eins og gengur og gerist að meðaltali í samanburðarskólunum. Um 30% foreldra telur þó að agan vera of lítinn. Samskipti nemenda og starfsfólks meta foreldrar almennt góð og almennt telja foreldrar að þörfum nemenda sé mætt í námi þeirra. Sá þáttur mældist hærrí í síðustu mælingu og er það tilefni til að kennarar ígrundi hvort að þeir mæti nemendum nægilega vel í kennslunni.

Líðan nemenda meta foreldrar verri nú en árið 2016 og ástæða er til að fara í saumana á þeirri niðurstöðu. Þá er vert að nefna að í nemendakönnuninni í ár mælist líðan nemenda betri nú en árið á undan og jafnframt verður að taka tillit til að foreldrar sem svara foreldrakönnuninni eru foreldrar barna í 3.-10.bekk en nemendur sem svara eru nemendur í 6.-10.bekk. Skoða þarf sérstaklega líðan í yngri árgöngum og vinna markvisst með hana á öllum stigum. Gríðarlega mikilvægt er að taka markvisst á því hvernig skólinn hyggst bregðast við þessari niðurstöðu.

Ánægja mælist með áætlun skólans í varðandi einelti en foreldrar upplifa almennt að einelti sé í lágmarki. Skoða má meðferð eineltismála.

Ánægja með aðstöðu í skólanum mælist samkvæmt könnuninni almennt ekki mjög há. Þá er helst óánægja með aðstöðu í matsal og á leikvelli og almennum kennslustofum. Ánægja ríkir þó með aðstöðu fyrir list- og verkgreinar, með íþróttáðstöðu og með tölvubúnað og í

opnum svörum kemur fram ánægja með aðstöðu fyrir bókasafn og breytingar á nýtingu húsnæðisins.

Helst mælist óánægja með skort á tómsundum eftir skóla og húsnæði skólans almennt og hluti foreldra er ekki ánægður með að félagsmiðstöð skuli ekki vera starfrækt.

Aukin ánægja mælist með matinn í skólamötuneytinu og verður það að teljast afar jákvætt þar sem að ætlun okkar var að auka hollustu og aðgengi að hollum mat í mötuneytinu. Nemendur upplifa slíkt hið sama. Almenn ánægja mælist með heimasíðu skólans, en athygli vekur að 17% foreldra hafa ekki farið inn á vefinn. Foreldrar eru þó yfir meðallagi upplýstir um stefnu skólans.

Virgni foreldra í námi nemenda mælist lág sé borið saman við aðra þátttakendur í Skólalámsinum og foreldrar virðast vantroysta sér til að aðstoða börn sín við nám og heimanám þeirra. Foreldrar upplifa ekki að þeir hafi mikil áhrif á kennslu og kennsluhætti, þó eykst upplifun foreldra á aðkomu þeirra að gerð námsáætlana. Nokkuð stór hluti foreldra telur þó að gera mætti meiri kröfur til nemenda, námslega séð og að heimanám sé of lítið (28,6%).

Lang flestir foreldrar vænta þess að börn þeirra fari í framhaldsnám, háskólanám og eða iðnnám að lokinni grunnskólagöngunni.

Það sem að lesa má úr könnuninni að hægt sé að bæta í grunnskólasterfinu má telja upp í nokkrum punktum og fer það inn til umræðu meðal starfsmanna og stjórnenda. Almenn verður þó að segjast að svo virðist sem að ánægja ríki með grunnskólasterfið í skólanum. Unnið verður að því að gera enn betur í eftirfarandi þáttum:

- Skoða þarf í hvaða bekkjardeildum líðan nemenda er ekki góð og kennarar og stjórnendur bregðast við því. Verður það gert á vor og haustdögum 2018
 - Auka má nemendasamskipti/skipulagat starf, vináttu/lífsleikniverkefni/hópaskipting
 - Aðstoð fagfólks
 - Tryggja þarf að bekkjasrfundir séu haldnir vikulega í öllum bekkjum og unnið sé samkvæmt nýrri eineltisáætlun
- Auglýst verður eftir starfsmanni í félagsmiðstöð
- Starfssemi listadeildar elfd eftir mætti og fjármagni
- Aðstaða löguð eftir getu
- Vinna að því að virkja foreldra betur og ræða í skólasamfélaginu um mikilvægi þess að foreldrar sýni áhuga
- Ræða heimanám í kennara og foreldrahópnum
- Kennarar geri auknar námslegar kröfur og seti markmið um árangur hátt sem og hafi metnað fyrir hönd nemenda. Mikilvægt er að gera það með því að kennarar kveiki áhuga nemenda á viðfangsefnum sínum.

Í Olweusarkönnun og Skólapúlsinum (nemendakönnun) mælist einelti í lágmarki í Seyðisfjarðarskóla og samsömun nemenda við aðra nemendur eykst á milli ára.

Nemendakönnun 2017-2018

Nemendakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir tvisvar á ári að hausti og að vori. Góð þátttaka er í könnuninni og niðurstöður eru mark um að verið sé vinna umbótamiðað og að árangur náist á flestum sviðum.

Hér er áhugi á námi, lestri, stærðfræði og náttúrufræði yfir meðallagi og sérlega jákvætt að áhugi á stærðfræði virðist vera á uppleið. Nemendur upplifa að þeir eigi almennt séð í mjög góðu sambandi við kennara sína og virkni þeirra í námi eykst á milli ára.

Trú nemenda á eigin getu er yfir meðaltali en trú þeirra á eigin vinnubrögðum undir.

Sjálfsálit nemenda er lágt miðað við niðurstöður og verður að gefa þeim þætti sérstakan gaum í skólastarfi næstu ára. Nemendur virðast upplifa að þeir hafi minni stjórn á eigin lífi en jafnaldrar þeirra í samburðarskólum Þrátt fyrir þær niðurstöður eykst vellíðan nemenda á milliára og tíðni einelti minkar. Einnig eykst samsömun nemenda við aðra nemendur og agi í tímum eykst að mati þeirra. Virkni þeirra eykst einnig í skólastarfinu samkvæmt könnuninni og er meiri en almennt gengur og gerist.

Nemendur upplifa að þeir borði hollan mat en nemendur í samburðarskólunum.

Unnið verður sérstaklega að eftirfarandi þáttum

- Líðan nemenda. Að hausti liggur fyrir áætlun frá kennurum um hvernig bæta skal líðan þeirra í samstarfi við foreldra.
- Skoða skal þá þætti út frá mun á milli kynjanna sem og nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Vísað er til umfjöllunar um úrbætur í foreldrakönnuninni.

Lokaorð

Afar ánægjulegt er að þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í skuli almennt skila sér í bættum niðurstöðum í Skólapúlsi bæði í leikskóladeild sem og hjá nemendum og foreldrum í grunnskóladeild. Jafnframt er mikilvægt að vinna að þeim þáttum sem betur mega fara og hafa verið tíundaðir hér.

6.júní 2018
Seyðisfjörður
Svandís Egilsdóttir
Skólastjóri